

Siglingaráð

28. fundur

Dags.: 4. mars 2021, kl. 11:00 til 12:30. Fjarfundur

Mættir: Halldór Ármannsson formaður, Ásta Þorleifsdóttir (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Rannveig Grétarsdóttir (Samtök ferðaþjónustunnar), Rebekka Hilmarsdóttir (Samband ísl. sveitarfélaga), Birna Ragnarsdóttir (Samtök verslunar og þjónustu), Eyþór H. Ólafsson (SVP), Páll Ægir Pétursson (Félag skipstjórnarmanna), Björn Arnaldsson (Hafnasamband Íslands), Guðmundur Herbert Bjarnason (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi), Hilmar Snorrason (Slysavarnafélagið Landsbjörg), Valmundur Valmundsson (Sjómannasamband Íslands), Arthur Bogason (Landssamband smábátaeigenda), Ásgrímur L. Ásgrímsson (Landhelgisgæsla Íslands), Halldór A. Guðmundsson (Félag vélstjóra og málmæknimanna), Fannar Gíslason (Vegagerðin, Hafnadeild), Kristín Helga Markúsdóttir (Samgöngustofa), Ólafur Ragnarsson (Samgöngustofa), Gunnar Geir Gunnarsson (Samgöngustofa), Ingimundur Valgeirsson (Slysavarnafélagið Landsbjörg). Á spjallrás; Eggert Ólafsson (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti),

Forföll: Kristín Magnúsdóttir (Hafnasamband Íslands).

Gestir: Ólafur Kr. Hjörleifsson skrifstofustjóri (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Ari Guðmundsson ráðgjafi (samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti), Örn Smáráson (Slysavarnafélagið Landsbjörg).

Lagt var fram:

1. Dagskrá fundar (send í tölvupósti).
2. Fundargerð 27. fundar Siglingaráðs (send í tölvupósti).
3. Björgunarskip SL, kynning ÖS (send í tölvupósti).
4. Endurskoðun reglna á sviði siglingamála, kynning AG (send í tölvupósti).

Á fundinum gerðist eftirfarandi:

HÁ bauð fundarmenn velkomna, setti fundinn og fór yfir dagskrána. ÓKH nýr skrifstofustjóri skrifstofu samgangna hjá ráðuneytinu kynnti sig og var hann boðinn velkominn til starfa.

- 1) **Fundargerð 27. fundar samþykkt.**
- 2) **Björgunarskip SL.** ÖS verkefnisstjóri sjöbjörgunar hjá SL kynnti forsendur endurnýjunar björgunarskipa félagsins (sjá framlagt gagn nr. 3). Þörf fyrir endurnýjun skipanna er brýn enda flest skipin komin til ára sinna og orðin tæknilega úrelt. Björgunarskip voru komin á mikilvæga staði allan hringinn kringum Ísland árið 2006 en árið 2017 var byrjað að huga að endurnýjun þessara skipa sem eru 13 talsins. Að þarfagreiningu kom fjöldi sjálfboðaliða sem voru í nýsmíðanefndinni og aðrir ráðgefandi aðilar í björgunarsveitunum en áætlað er að samtals hafi vinnuframlag sjálfboðaliðanna verið rúmar 300 vinnuvikur. Ákveðið var að nýju skipin verði 14,99 metrar að skráningarlengd, ganghraði 27-35 hnútar, drægni 200 sml og þau geti dregið allt að 1.000 BT skip. 5 til 6 verða í áhöfn en burðargeta miðast við 36 manns. Útboð var auglýst 28. janúar og verður opnað 5. mars, í framhaldi verða valdir fimm aðilar til frekari skoðunar. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að fjármagna helming kostnaðar við smíði þriggja skipa, að hámarki 150 mkr. á skip. Fjárveitingin skiptist á árin 2021, 2022 og 2023. Siglingaráð fagnar verkefninu. Starf sjálfboðaliðanna í björgunarsveitunum væri virðingarvert og ættu þau heiður skilinn.
- 3) **Endurskoðun á reglum, AG.** Endurskoðun reglna á sviði siglingamála er hafin (sjá framlagt gagn nr. 4) með það að markmiði að yfirfara, einfalda og samræma reglugerðir sem jafnvel stangast á. Í kynningunni var sýnd greining á viðfangsefninu og regluhverfið flokkað eftir lengd skipa. IMO og ESB/ESS reglur ná yfir flest skip í millilandasiglingum utan annarra skipa og farþegaskipa styttri en 24 metrar ásamt fiskiskipa styttri en 15 metrar en um þau vantar reglur. Núverandi regluverk nær yfir öll skip í innanlandsiglingum en tilefni er til að endurskoða Norðurlandareglurnar sem gilda um skip undir 15 metrum að lengd. Einnig er ástæða til að

endurskoða íslensk sérákvæði því sum eru óþörf enda komin í alþjóðareglur og kanna þarf möguleika á að koma sérákvæðunum inn í IMO og ESB/EES reglur.

Í nýrri heildstæðri reglugerð um skip styttri en 15 metrar bætast við ný ákvæði um björgunarbúnað, fjarskiptabúnað og 5 ára skoðunarhring með möguleikum á eiginskoðunum, ásamt að stöðugleikakröfur verða samræmdar við kröfur stærri skipa.

Til að ná meiri einföldun og samræmingu reglna þurfa reglur að vera heildstæðar og hægt að vera með tilvísanir í gildandi alþjóðlegar reglur. Við verklok mun staðan verða kynnt ráðinu.

Ánægja var með verkefnið.

- 4) **Lög og reglugerðir.** ÁP upplýsti um að minnisblað varðandi reglur um siglingaleiðir væri hjá ráðherra og áætlað er að funda um málið á morgun. Nýju lögin um áhafnir skipa hafa verið í samráðsgáttinni og rann frestur til að skila inn athugasemdum út í gær.
- 5) **Önnur mál.**
 - a) ÁP sagði að endurskoðun á samgönguáætlun væri hafin en vönduð stöðugreining Grænbók er fyrsta skrefið. Stefnt er að því hún komi út í sumar. Leitað verður til ráðsmanna þar sem þar m.t. varðandi hafnarhlutann.
 - b) HS sagði að í ILO C108 samþykktinni væri ekki kveðið á um gildistíma sjóferðabóka en hér á landi er settur gildistími til fimm ára og kostar bókin um 16.000 kr. Þar sem bókin er ígildi vegabréfs farmanna er spurt hvort gildistími ætti ekki að vera 10 ár eins og í vegabréfum. PÆP upplýsti að í sumum löndum tam Rússlandi sé stimplað í bókina í hverri höfn og þar sem eingöngu fjórar blaðsíður eru fyrir stimla þá endist bókin ekki út gildistímamann þannig að fjölga mætti blaðsíðum fyrir stimplana. ÓR sagði að sjómenn fái ýmsar ívilnanir svo sem afslætti hjá flugfélögum en verða þá að framvísa sjóferðabókinni. GHB sagði að í eftirliti í skipum væru sjóferðabækur skoðaðar og oft vandmál ef þær eru runnar út. Ef það er ekki alþjóðleg krafa að bækurnar séu með gildistíma þá ætti það ekki heldur að vera hér á landi. Málinu vísað til afgreiðslu hjá Samgöngustofu. KMH mun upplýsa ráðið um niðurstöðu.
 - c) ÁLÁ sagði að LHG hafi áhuga á að láta endurhanna og gefa út leiðbeiningarspjaldið um björgun með þyrllu. Var tekið undir að það væri þarft verkefni og mætti styrkja það af fjármunum öryggisáætlun sjófarenda. Ákveðið að LHG geri kostnaðaráætlun og sendi til ÁP/SGS.
 - d) VV opnaði umræðu um varðskip LHG og er það mikið áhyggjuefni að einungis eitt skip sé til taks einkum yfir vetrarmánuðina. LHG hefur skoðað málið og haft samband við erlenda aðila varðandi leigu á skipi og/eða kaup en verð á skipum sem uppfylla kröfur eru 0,5-1,5 mkr.
 - e) HS minnti á verkefni Magnúsar Guðjónssonar í gerð námsefnis fyrir endurmenntunarnámskeið í fjarskiptum og spurði um stöðu. Verkefninu hafði verið vísað til Samgöngustofu en ráðið hafði metið verkefnið gagnlegt fyrir öryggi sjófarenda.
 - f) HÁ velti upp hvort ekki þurfi að vera sérákvæði í áhafnarlögunum um áhafnir björgunarskipa en þau gætu lent í því að fara í björgunarleiðangra sem eru lengri en 14 klst. með áhöfn þar sem er bara einn skipstjórnarmaður.

Næsti fundur er fimmtudaginn 15. apríl n.k. og verður boðaður í tölvupósti.

IV og ÁP rituðu fundargerð.